

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

*Grundarland 10-16.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 16. janúar 2013, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, svæði 2, vegna lóðarinnar að Grundarlandi 10-16 hús nr. 12. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Háskóli Íslands, vestan Suðurgötu.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsstjóri Reykjavíkur þann 4. janúar 2013, breytingu á deiliskipulagi lóðar Háskóla Íslands vestan Suðurgötu, reit A1, skv. uppdrætti Teiknistofu arkitekta. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 28. janúar 2013.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfud.: 11. febrúar 2013